



Aðalfundur Foreldrafélags Akurskóla 24. maí 2011

Haldinn á sal Akurskóla kl. 20.00

Dagskrá

1. Skýrsla stjórnar. Guðmunda Hergeirsdóttir ritari les.
2. Skýrsla gjaldkera. Hulda Klara Hjaltadóttir gjaldkeri fór yfir en ekki náðist að klára ársreikninga fyrir fundinn og verður þeim frestað til haustins.
3. Skýrsla fagráðs. Katrín Jóna kynnti . Athuga samvinnu grunnskóla við leikskóla hverfisins að bættu umferðaröryggi.
4. Lagabreytingar. Guðmunda kynnti lagabreytingar. Umræður sköpuðust um fagráð. Lagabreytingar voru samþykktar, þær eru svo hljóðandi:

3.gr.

Árgjald félagsins skal ákveðið á aðalfundi ár hvert.

6.gr.(áður 5.gr.)

Stjórn félagsins skal skipuð sjö forráðamönnum skólans. Stjórn félagsins skal kosin á aðalfundi til tveggja ára, þrír stjórnarmenn annað árið og fjórir hitt árið, þar með talinn formaður sem skal kjörin sérstaklega. Jafnframt skulu tveir varamenn kosnir árlega til eins árs. Stjórnarmenn skipta með sér verkum. Einfaldur meirihluti ræður úrslitum í öllum málum.

Foreldrafélag Akurskóla skipar tvo fulltrúa til setu í skólaráði Akurskóla, þar af skal annar eiga sæti í stjórn félagsins. Þeir skulu kosnir til tveggja ára, einn á hverjum aðalfundi.

7.gr. (áður 6. gr.)

Í upphafi skólaárs skulu tveir bekkjarfulltrúar, foreldrar eða forráðamenn úr hvorum árgangi í hverjum bekk kjörnir til eins árs í senn, umsjón með körinu er í höndum stjórnar foreldrafélagsins. Hlutverk bekkjarfulltrúa sem og starfsreglur eru skilgreindar í handbók félagsins. Stjórn félagsins undirbýr og boðar til funda með bekkjarfulltrúm eins oft og þurfa þykir. Þar skulu rædd mál er varða markmið og starf félagsins.

9.gr (áður 8.gr.).

Lögum þessum má aðeins breyta á aðalfundi sem haldinn skal a.m.k. einu sinni á ári í maí, enda sé það tilkynnt í skriflegri fundarboðun sem send er foreldrum með a.m.k. 5 daga fyrirvara.

Dagskrá fundar skal vera:

1. Skýrsla stjórnar
2. Skýrsla gjaldkera
3. Lagabreytingar
4. Kosning stjórnar
5. Kosning fulltrúa í skólaráð
6. Kosning skoðunarmanns reikninga
7. Ákvörðun árgjalds
8. Önnur mál.

Aðalfundur telst löglegur sé löglega til hans boðað.

5. Kosning stjórnar. Halldóra Hreinsdóttir gaf kost á sér áfram. Í stað Huldu Klöru og Elínar Thelmu komu inn Katrín Jóna og Kristín Þorsteinsdóttir. Jóna Guðrún var gaf kost á sér sem varamaður. Annar varamaður skal kosinn á fundi FFA í haust.
6. Skoðunarmaður reikninga . Kristjana (Jana) var tilnefnd.
7. Skólaráð. Erla Guðmundsdóttir og Katrín Jóna gáfu kost á sér.
8. Kosning í fagráð fer ekki fram sbr. ný lög félagsins.
9. Önnur mál:
 - 1) Árgjald FFA verður hækkað úr 1000 kr í 1500 til samræmis við önnur foreldrafélög bæjarins og ályktun FFGÍR
 - 2)Styrkir vegna ferða nemenda. Jóna Guðrún lagði fram tillögu að stjórnin ákveði styrki m.v. umfang ferða/kostnaðar. Guðmundur formaður svaraði því til að stjórnin hyggðist gera árlega fjárhagsáætlun.
 - 3)Jóna Guðrún bað um að athugað væri hvort FFA gæti komið á móts við þá nemendur sem ekki eru í mataraskrift á vorhátíð skólans þegar grillaðar eru pylsur en er eingöngu fyrir þá sem eru í mataraskrift. Skólayfirvöld og FFA gætu jafnvel mæst á miðri leið.
 - 4)Að kynna FFA í fréttablaði skólans Korninu, jafnvel að FFA ætti sinn fasta sess í blaðinu.
 - 5)Umræður um árshátíð nemenda. Engar tillögur lagðar fram.

Fundi slitið

Fundarritarar, Guðmunda Hergeirsdóttir og Elísabet Kjartansdóttir.